



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
Reykjavík

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 27. apríl 2017, um hvernig koma eigi til móts við þá íbúa Seljahlíðar sem ekki fá húsaleigubætur

Þann 27. apríl 2017 lögðu borgarráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina fram eftirfarandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um hvernig Reykjavíkurborg ætli sér að koma til móts við þá íbúa Rangársels sem ekki fá húsaleigubætur, en því hefur ítrekað verið haldið fram af hálfu embættismanna við íbúa hússins.

Meðfylgjandi er svar við fyrirspurninni frá Jónu Guðnýju Eyjólfsdóttur deildarstjóra húsnæðismála velferðarsviðs.

Vakin er athygli á því að í fyrirspurninni er talað um Rangársel í stað Seljahlíðar. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarráðsfulltrúi hefur staðfest að átt sé við Seljahlíð.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Starfsstaður: Húsnæðis- og búsetudeild
Vinnsla: Jóna Guðný Eyjólfsdóttir
Ábyrgðarmaður: Berglind Magnúsdóttir
Dags. 22.05.2017
GoPro nr. VEL2017030083

Minnisblað

Forsaga: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 27. apríl 2017, um hvernig koma eigi til móts við þá íbúa Seljahlíðar sem ekki fá húsaleigubætur - R15050131

Greinargerð/umsögn:

Allir íbúar í Seljahlíð eiga kost á húsnæðisbótum og eftir atvikum sérstökum húsnæðisstuðningi uppfylli þeir skilyrði þar um. Félagsráðgjafi frá þjónustumiðstöð Breiðholts hefur haft reglulega viðveru í Seljahlíð til að aðstoða íbúa við gerð umsókna og farið yfir stöðu þeirra einstaklinga sem þess hafa óskað.

Flestir íbúar hafa núþegar gengið frá umsókn um húsnæðisbætur og fengið samþykkt.

Húsnæðiskostnaður íbúa mun haldast óbreyttur í eitt ár eða til 1. maí 2018 að teknu tilliti til húsnæðisbóta. Frá 1. maí 2018 mun húsnæðiskostnaður hækka í áföngum þar til réttu leiguverði er náð.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir
Deildarstjóri

